



Alþingi, allsherjar- og
menntamálanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, þriðjudagur, 28. febrúar 2024
Tilvísun: 2024010020

Efni: Umsögn Barna- og fjölskyldustofu um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum (réttur til umönnunar) 132. mál.

Barna- og fjölskyldustofa vísar til erindis frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis, dags. 22. febrúar sl., þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa nefndinni umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum (réttur til umönnunar) 132. mál.

Þakkar Barna- og fjölskyldustofa fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um frumvarpið.

Barna- og fjölskyldustofa telur það vera skref í rétta átt að lagt sé til að kveðið sé sérstaklega á um það í barnalögum að í forsjárskyldu felist að veikt eða slasað barn eigi rétt á umönnun foreldra sinna. Jafnframt að skipaður verði starfshópur sem mun rýna stöðu langveikra og slasaðra barna og þá sérstaklega rétt þeirra til umönnunar og stuðnings foreldra. Fagnar stofan því að það verði tekið til sérstakrar skoðunar að hvert barn njóti einstaklingsbundins réttar til umönnunar foreldra í kjölfar slyss eða veikinda, í stað þess að miðað sé við tiltekinn fjölda daga fyrir hvert foreldri, óháð fjölda barna.

Barna – og fjölskyldustofa telur þó rétt að vekja athygli nefndarinnar á stöðu fósturforeldra og fósturbarna í þessu samhengi. Sér í lagi þegar um ræðir að barn er í varanlegu fóstri. Í 2. mgr. 65. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 kemur fram að fóstur geti verið tvenns konar, varanlegt eða tímabundið. Með varanlegu fóstri er átt við að það haldist þar til forsjárskyldur falla niður samkvæmt lögum. Fara fósturforeldrar þá að jafnaði með forsjárskyldur nema annað þyki betur henta þörfum barns og hagsmunum að mati barnaverndarþjónustu. Af þessu verður ráðið að fósturforeldrar barna í varanlegu fóstri hafa að miklu leyti sömu stöðu gagnvart barni og forsjárforeldrar og sjá að jafnaði um alla daglega umsjá og umönnun barns þar til það verður lögráða. Það er hins vegar ekki skilgreint með skýrum hætti í lögum hver réttarstaða fósturforeldra og fósturbarns er ef til veikinda eða slysa barnanna kemur. Því telur stofan rétt

að staða fósturforeldra og fósturbarna verði sérstaklega tekin til skoðunar í starfshópnum og réttindi þeirra skýrð er varðar umönnun slasaðs eða veiks fósturbarns.

Barna- og fjölskyldustofa veitir allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar sé þess óskað.


f.h. Barna- og fjölskyldustofu
Unnur Agnes Jónsdóttir